

# Víkurbraut 15 Keflavík, 18 íbúða fjölbýli

Skilalýsing þessi fjallar einungis um meginatriði, en er ekki ætlað að vera tæmandi um einstök frágangsatríði, lýsingin er fylgiblað kaupsamnings.

## Almenn atriði

Víkurbraut 15 er fjölbýlishús á 9 hæðum. Fyrst er bílageymslan með innkeyrslu frá Bakkastíg þá geymsluhæð með geymslum og einni íbúð, 1.-5. hæð með þremur íbúðum á hverri hæð og loks 6.-7. hæð með tveimur penthouse-íbúðum Lyfta er í húsinu og nær hún frá bílageymslu og uppá 6. hæð.

**Íbúðirnar afhendast fullbúnar með glæsilegum innréttingum, granít borðplötum og sólbekkjum, einstafa parketi og flisum á gólfum, öllum tækjum (ofn, helluborð, sorphvörn, upphvottavél, ísskáp, þvottavél og þurrkara) og glerlokuðum svölum** (á ekki við íbúð 001).

Aðalhönnuður er Arkitektastofan ehf (Ormar Þór Guðmundsson).

## **Bílageymsla (-1hæð)**

Í kjallara hússins er bílageymsla með stæðum fyrir 18 bíla, tækjaklefi, sorpgeymsla og tveir bílskúrar. Frá bílageymslu er innangengt að lyftu og stigahúsi.

## **Geymsluhæð (0hæð)**

Á þessari hæð er íbúð 001, sem er 3ja herbergja með stórum (76,3fm) hellulögðum séreignargarði með snjóbræðslu (þak yfir bílageymslu).

Einnig 18 sérmerktar geymslur auk hjóla og vagnageymslu

## **1. hæð**

Anddyri er með póstkösum og mynddyrasíma, gólf flísalagt. Rafdrifnar rennihurðir með skynjurum eru fyrir anddyri. Þaðan er gengið að stiga, lyftu og inn á íbúðargang. Úr íbúðargangi er gengt í þrjár íbúðir. Tvær 3ja herbergja og ein 4ra herbergja. Allar íbúðirnar eru með glerlokuðum svölum.

## **2. - 5. hæð**

Á hverri hæð eru þrjár íbúðir. Tvær 3ja herbergja og ein 4ra herbergja. Allar íbúðirnar eru með glerlokuðum svölum.

## **6. hæð**

Á hæðinni eru tvær stórar og glæsilegar penthouse-íbúðir á 2.hæðum. Þeim báðum fylgja glerlokaðar svalir á 6. hæð en á 7. hæð fylgja báðum þessum íbúðum stórar hellulagðar þaksvalir með snjóbræðslu að auki. Í íbúðunum er steypur stigi milli hæða.

## **Ytri frágangur og lóð**

Húsið afhendist fullbúið að utan, lóð fullbúin svo og bílastæði. Að utan er húsið einangrað með steinull og klætt með flisum, báruáli og sléttu áli. Þak yfir 6hæð og bílageymslu er steinsteypt með tvöföldum pappalagi, einangrun, hitaspíral og hellulagt er þar ofaná. Þak yfir 7.hæð, sem er inndregin er klætt báruáli.

Svalir eru steinsteyptar. Handrið er úr áli og klætt hertu gleri sem er opnanlegt ofan handriðs. Svalagólf skilast flísalögð. Handrið á bílageymsluhúsi og á þaksvölum er steinsteypt.

Gluggar og svalahurðir eru áklæddir trégluggar og sömuleiðis opnanleg fög.

Aðalhurð er rafdrifin áhurð með skynjurum.

Lóð afhent fullbúin, bílastæði malbikuð. Hellulagðar stéttar eru fyrir framan húsið og að anddyrum. Hitalögn er undir þeim. Rampur að bílageymslu er upphitaður.

## **Sameign**

Öll sameign afhent fullbúin. Anddyri, stigar og stigapallar niður að bílageymslu er flísalagt. Stigar og stigapallar frá anddyri og upp á 6hæð eru teppalagðir.

Sorpgeymsla, hjóla- og vagnageymsla er með epoxy á gólfum. Allir veggir og loft í sameign eru máluð. Hiti er í gólfum.

## **Sérgeymslur**

Öllum íbúðum fylgja sérgeymslur á geymsluhæð (0.hæð). Þær afhendast málaðar og gólf lökkuð. Léttir veggir milli geymsla eru úr clickboard-plötum klæddum á blikkstoðir. Hurðir á geymslum eru yfirfelldar spónlagðar eikarhurðir. Hillur fylgja öllum geymslum. Allar geymslur eru loftræstar með útsogi. Hiti er í gólfum.

## **Bílageymsluhús**

Bílageymsla einangruð að utan með hita í gólfi. Vélræn loftræsting.

Veggir og loft eru málaðuð. Gólf er vélslípað með niðurfallsrennu fyrir miðju. Hurð á bílageymslu er úr einöngruðum samlokueiningum með sjálfvirkum opnara. Ein fjarstýring fylgir hverju stæði.

## **Rafmagn og boðleiðir**

Útiljós verða á svölum og við útihurðir. Vatnsvarðir tenglar á svölum.

Sjónvarps og símatenglar eru í öllum herbergjum. Sjónvarpskerfi er tengt við kapal (Kapalvæðing), ekki loftnet. Dyrasími í anddyri með myndavél, eitt mynddyrasímtæki er í hverri íbúð og tengidós fyrir annað í öllum hjónaherbergjum. Í húsinu er brunaviðvörðunarkerfi.

## **Verktakar og hönnuðir**

Byggingarverktaki	<b>Húsagerðin</b>
Arkitekt	<b>Arkitektastofan</b>
Verkfræðingur	<b>Verkfræðistofa Suðurnesja</b>
Pípulagnir	<b>Pípulagnir Benna Jóns</b>
Rafmagn	<b>Nesraf</b>
Múrverk	<b>Múrhamar</b>
Máling	<b>Málingarþjónusta Trausta</b>
Innréttingar	<b>Trésmiðja Ella Jóns</b>